



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Tæknilegir eiginleikar mismunandi berggerða

Höfundar : **Matthías Loftsson**
 Benedikt Óskar Steingrímsson

Vegagerðin

Rannsóknarskýrsla

Apríl 2010





MANNVIT
VERKFRÆDISTOFA



Mannvit Verkfræðistofa

Grensásvegur 1
108 Reykjavík
Sími: 422 3000
Fax: 422 3001
@: mannvit@mannvit.is
www.mannvit.is



Skýrsla nr: MV 2010-032	Útgáfunr.:	Útgáfudags.: (mán/ár) Apríl / 2010	Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Bergtæknilegir eiginleikar mismunandi berggerða			Upplag: Fjöldi síðna: 30 + viðauki
Höfundur/ar: Matthias Loftsson og Benedikt Óskar Steingrímsson			Verkefnisstjóri: Matthías Loftsson Verknúmer: 7-009-277
Útdráttur: <p>Fjölmargar prófanir hafa verið gerðar á borkjörnum frá rannsóknarholum víðs vegar af landinu, en prófunarniðurstöður er að finna í mörgum skýrslum og námsritgerðum, sumum hverjum lítt aðgengilegum. Til að bæta úr því var safnað saman í þessa skýrslu niðurstöðum tæplega 6200 prófana frá meira en 170 kjarnaborholum.</p> <p>Niðurstöður eru flokkaðar í töflu aftast í þessari skýrslu, sem líta má á sem fyrsta vísi að gagnasafni fyrir eiginleika íslensks bergs, þar sem hægt er að flokka, greina og bera saman eiginleika bergsins.</p> <p>Fylgni er í mörgum tilfellum milli berggerðar og tæknilegra eiginleika bergsins, en fylgni er misgóð. Best er fylgni efnisgerðar og eiginleika storkubergs en síðri í setbergi.</p>			
Verkkaupi: Vegagerðin		Tengiliðir verkkaupa: Gísli Eiríksson og Gunnar Bjarnason	
Samstarfsaðilar:			
Efnisorð: Eiginleikar íslensks bergs, einásabrotstyrkur, punktálagsstyrkur, rúmpyngd, holrýmd, Schmidt harka, fjaðurstuðull, togstyrkur.		ISBN:	
		Undirskrift verkefnisstjóra:	
		Yfirfarið af:	

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ii
Inngangur	4
Almennt	4
Gagnavinnsla.....	4
Samanburður prófana.....	6
Rúmþyngd og holrýmd.....	6
Harka (Schmidt rebound harka).....	8
Punktálagsgildi	10
Einásabrotstyrkur.....	12
Fjaðurstuðull og Poissons hlutfall	18
Togstyrkur	20
Samantekt og niðurstöður	22
Heimildaskrá.....	24
VIÐAUKI : BORHOLUSKRÁR OG GAGNASKRÁR	26

Inngangur

Almennt

Rannsókn þessi var gerð með styrk úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Tilgangur verkefnis er, eins og segir í umsókn um rannsóknarfé, að „safna saman upplýsingum um eiginleika íslensk bergs, flokka, greina og bera saman eiginleika bergsins með tilliti til gangagerðar og grundunar á bergi. Gagnasöfnun yrði fyrsti vísir að gagnagrunni.“

Vitað er að ekki er hægt að byggja mat á aðstæðum til mannvirkjagerðar í bergi eingöngu á niðurstöður prófana á bergsýnum. Bergsýnið er aðeins einn lítil moli í massa bergs og aðrir þættir eins og sprungur, sprungufyllingar, samlæsing bergbrota, misgengi og grunnvatn hafa oftast meiri áhrif á aðstæður til mannvirkjagerðar í bergi. Hins vegar gefa prófanir innsýn í innri styrk, hörku og þol bergs til að mæta ytri áraun. Berg í meðallagi styrkleika hentar oft betur til jarðgangagerðar en bæði veikt berg og mjög sterkt og stökkt berg. Styrkur og harka hefur áhrif á borhraða, slit borkróna, burð o.fl.“ Með því að bera saman prófniðurstöður frá einum stað til annars má auk þess draga ályktanir um hæfi og not bergs á fyrirhuguðum mannvirkjastað.

Fjölmargar prófanir hafa verið gerðar á borkjörnum frá rannsóknarholum víðs vegar af landinu. Þær niðurstöður eru birtar í mörgum skýrslum og námsritgerðum, sumum hverjum lítt aðgengilegum. Þessum niðurstöðum hefur nú verið safnað saman í þessa skýrslu, sem líta má á sem fyrsta vísir að gagnasafni fyrir eiginleika íslensks bergs, þar sem hægt er að flokka, greina og bera saman eiginleika bergsins. Finna má eflaust mun fleiri prófunarniðurstöður, sem bíða þess að færðar verði í grunn sem þennan.

Gagnavinnsla

Alls var safnað saman niðurstöðum tæplega 6600 prófana frá meira en 170 kjarnaborholum víðsvegar af landinu, mest þó frá virkjana- og veggangasvæðum. Virkjunarsvæðin eru Kárahnjúkavirkjun, Búðarhálsvirkjun og virkjanasvæði neðri Þjórsár. Veggangasvæðin eru Hvalfjarðargöng, Dýrafjarðargöng, Bolungavíkurgöng, Héðinsfjarðargöng, Vaðlaheiðargöng, Fáskrúðsfjarðargöng og Norðfjarðargöng. Einnig var safnað saman niðurstöðum prófana á bergi frá rannsóknum á Reykjavíkursvæðinu og á álverslóðum í Helguvík og Fjarðarás í Reyðarfirði.

Flestar eru niðurstöður punktálgsprófana eða 1586 og hörkuprófanir eru 859 talsins. Þessar prófanir eru einfaldar í framkvæmd og hafa verið notaðar til samanburðar milli borhola eða svæða og til að áætla aðra eiginleika bergsins. Vot rúmpýngdarmælingar eru 830, holrýmdarmælingar 721 og einásabrotprófanir 776 talsins. Niðurstöður annarra prófana eru færri, sjá töflu 1.

Niðurstöður voru flokkaðar og settar í töflur, sem finna má í viðauka með þessari skýrslu. Berg er flokkað eftir landshlutum og uppruna, þ.e. storkuberg, setberg, gjóskuberg og breksía/kargi, til þess að bera saman mismunandi eiginleika þessara berggerða. Þá eru niðurstöður mismunandi prófana bornar saman og skoðuð fylgni þar í milli.

Tafla 1, fjöldi prófana fyrir landið allt.

Próf	Fjöldi
Punktálagsstyrkur	1586
Harka	859
Vot rúmþyngd	830
Einásabrotþolsstyrkur	776
Holrýmd	721
Þurr rúmþyngd	450
Fjaðurstuðull	356
Apparent specific gravity	271
Togstyrkur	240
Slake durability	195
Poissons hlutfall	166
Vatnsdrægni	40
Raki við einásabrotþolsstyrkspróf	23
Phi	4
c	4
Samtals:	6521

Samanburður prófana

Bæði ytri og innri þættir geta haft áhrif á niðurstöður prófana á bergsýnum. Ytri þættir eru til dæmis sýnataka, meðhöndlun sýna og prófunaraðferðir, en innri þættir eru atriði er varða innri bygging eins og til dæmis. efnisgerð, þéttleiki, samlíming o.fl.

Til að takmarka áhrif ytri þátta hafa verið gefnir út prófunarstaðlar fyrir mismunandi prófanir. Í stöðlum er tiltekið hvernig standa skuli að sýnatöku og meðhöndlun sýna, tilgreind stærð sýna, álagshraða í prófunum o.fl., sem talið er að áhrif geti haft á niðurstöður. Ekki er vitað hvort viðeigandi stöðlum hafi verið nákvæmlega fylgt í þeim prófunum sem hér er fjallað er, en í samanburði prófniðurstaðna er gert ráð fyrir því.

Til eru fjölmargar athuganir sem sýna tengsl milli uppruna og samsetningar bergs og tæknilegra eiginleika bergsins. Fyrir storkuberg hefur samsetning og gerð steinda, stærð steinda/kristalla og holrými áhrif á styrk bergsins og þol gegn ytri áraun. Fyrir setberg hefur samsetning og gerð seteininga, samlíming, samlæsing og holrými áhrif á eiginleika bergsins. Þá getur ummyndun haft bæði slæm og góð áhrif á styrk bergs. Fyrir storkuberg getur ummyndun kristalla yfir í leir rýrt mjög styrk bergsins en kísilútfellingar í holrými aukið styrkinn. Sama á við um setberg þar sem útfellingar geta bætt samlímingu steinda en jafnframt rýrt styrk korna er steindir í þeim ummyndast í leir.

Til að kanna innbyrðis tengsl mismunandi prófana voru bornar saman niðurstöður mælinga á rúmþyngd, holrým (porosity), hörku og styrks í punktálagsprófi, einásabrotprófi og togprófi eða kleifniprofi (split tensile test). Þá eru teknar saman mælingar sem gerðar hafa verið á fjaðurstuðul og Poissons hlutfalli og borið saman við styrk í einásabrotprófi.

Rúmþyngd og holrým

Rúmþyngd storkubergs er háð samsetningu og gerð steinda og setbergs hlutfalli og gerð bergbrota. Rúmþyngd og holrým eru einnig nátengd því berg með hærri holrým mælist léttari en þéttara berg sömu gerðar.

Eðlisþyngd storkubergs er háð samsetningu bergsins, þ.e. eðlisþyngd steinda í berginu. Storkuberg er aðallega samsett úr feldspat-, pyroxen- og ólivín kristöllum, auk þess að innihalda magnetít og fleiri steindir. Feldspöt hafa eðlisþyngd í kringum 2,65 - 2,7, pýroxen og ólivín milli 3,4 og 3,5, en magnetít 5,2. Hlutfall steinda er mismunandi milli berggerða, en alla jafnan er meira af dekkri og þyngri steindum í basalti en í súrara bergi eins og líparíti. Basalt sem væri að 50% hluta feldspat, 40% hluta pýroxen og ólivín og 10% hluta magnetít hefði því eðlisþyngd í kringum 3,2, en líparít með 80% feldspat eðlisþyngd nær 2,8-2,9, sjá mynd 1.

Rúmþyngd þessara berggerða er þó ætíð lægri því storkuberg er aldrei heilsteyptur massi heldur er alltaf eitthvað holrými milli kristalla og gasbólur, sem verða til þegar kvika storknar. Holrými er mjög misjafnt eftir berggerðum. Í storkubergi mælist holrými oft milli 3-30% og er dulkornótt þóleiítbasalt oftast með mun minna holrýmishlutfall en smákornótt grágrýti eða ólivínbasalt. Þá er efri hluti hraunlaga oftast blöðróttur og gasbólur geta verið aflokaðar í bergkjarna sem mældur er.


Holrými í setbergi er að jafnaði herra en í storkubergi eða oft á bilinu 10 - 40%. Hæst er holrýmið í fínkornóttu seti með jafna kornastærð, en minna í dreifkorna efni eins og jökulbergi.

Ummyndun hefur líka mikil áhrif, því við ummyndun breytist ólivín og jafnvel pýroxen í léttari leirsteindir, en á móti kemur að aðrar steindir setjast til í holrými í berginu.




Mynd 1. Hlutfall steinda í storkubergi [Stefán Arnórsson 1993]

Á mynd 2 eru sýndar niðurstöður prófana þar sem hvort tveggja var mæld rúmpyngd og holrýmnd bergsýna frá ýmsum stöðum á landinu. Fyrir sum sýni var vatnsinnihald ekki tilgreint og því aðeins gefin upp rúmpyngd og því óvíst hvert mettnarhlutfall bergsins var, þegar prófun var gerð. Sjá má að mest er holrýmndin fyrir setberg og móbergsmýndanir, en minni í basalti og andesíti.



Mynd 2. Fylgni milli rúmpyngdar og holrýmndar (344 mælingar).

Ef dregnir væru ferlar í gegnum punktastöfn fyrir, sem dæmi, basalt í Reykjavík og líparít í Búðarhálsi, mynd 2, fæst að eðlisþyngd bergsins, þ.e. þegar engin er holrýmdin, ætti að vera nær 2,6 fyrir líparítið en um 3 fyrir basaltið. Byggt á fyrr sögðu um samsetningu steinda ætti eðlisþyngd bergsins að vera kannski allt að 5% hærrí. Það getur átt sér eðlilegar skýringar, því aflokaðar holur bergsýnum mælast oft ekki í holrýmdar prófunum.



Mynd 3. Fylgni holrýmdar og rúmpýngdar fyrir líparít í Búðarhálsi og basalt í Reykjavík.

Harka (Schmidt rebound harka)

Á vel flestum rannsóknarsvæðum fyrir veggöng og fyrir sum virkjanasvæði var prófuð harka borkjarna. Prófunin gengur út á að smella kólfi í svokölluðum Schmidt hamri og mæla endurkast kólfsins. Mæla skal 10 sinnum og taka meðaltal mælinga. Því harðara sem berg er því meira verður endurkastið, en mæligildin eru að jafnaði á bilinu 10 til 60.


Harka bergs er háð samsetningu og efnisgerð bergs. Þétt berg með harðar steindir gefur hærri hörku en gropið berg með mýkri steindir. Þá hefur samlíming mikil áhrif á hörku setbergs.


Í töflu 2 er sýndar meðaltalstölur fyrir nokkrar berggerðir byggt á um 660 prófunum. Dreifing gilda er mikil. Fyrir basalt var harka dulkornóttis þóleíft basalts að jafnaði mest, en minni í smákornóttu og fínblöðróttu ólivín basalti. Andesít ætti einnig að gefa háa hörku en mælinga voru of fáar fyrir marktækan samanburð.

Tafla 2 : Schmidt harka íslensks bergs (660 mælingar)

Berggerð	Schmidt harka "rebound"			Fjöldi mælinga
	meðaltal	max	min	
Andesít	45	46	44	2
Basalt	42	66	16	461
- Þóleiít basalt	49	66	24	130
- Dílabasalt	42	61	16	135
- Ólivín basalt	36	61	21	154
Kargi	25	55	9	126
Setberg	28	47	17	69
Móberg	15	17	13	2

Samkvæmt ISRM [ISRM 1986] á að vera fylgni milli hörku og styrks í einásabroti og er fylgni háð rúmþyngd efnis, mynd 4. Eitthvað er það þó málum blandið og háð berggerð ef marka má mynd 5. Nánar verður vikið að samanburði á styrk og hörku í umfjöllun um styrk bergs við punktálag og í einásabroti.


Mynd 4. Fylgni milli einásabrotstyrks og Schmidt hörku samkvæmt Miller [ISRM 1986]



Mynd 5. Fylgni milli rúmþyngdar og Schmidt hörku (72 mælingar frá Fljótsdal)

Punktálagsgildi

Punktálagssprófanir hafa verið mikið notaðar hér á landi til að fá mat á styrk bergs. Þær eru auðveldar í framkvæmd og hægt að gera þessar prófanir á borstað. Punktálagssprófanir hafa sem slíkar verið notaðar til að áætla einásabrotstyrk. Í ASTM staðli [ASTM D 5731] er tilgreint að nota megi fylgnistuðull 22, þ. e. að einásabrotstyrkur (UCS) sé 22 x punktálagsgildið (PLI). Rannsóknir hafa þó sýnt að þetta er ekki alls kostar rétt [John Rusnak o.fl.] og hafa athuganir í Noregi og víðar sýnt að fylgni er háð styrk og berggerð. Samkvæmt norskum viðmiðum er einásabrot áætlað miðað við fylgnistuðla í töflu 3.

Tafla 3. Fylgni milli PLI og UCS samkvæmt Norðmönnum [Norwegian Group for Rock Mechanics 2000]

PLI	UCS/PLI
1,8 – 3,5	14
3,5 – 6,0	16
6,0 – 10,0	20
> 10,0	25

Rannsókn hefur verið gerð fyrir berg hér, þar sem borin er saman punktálagsgildi og einásabrotstyrkur fyrir berg af nokkrum vegganga og virkjanasvæðum héraendis [Matthías Loftsson o.fl. 2009], sjá umfjöllun þá rannsókn í kafla um einásabrotstyrk.


Til að finna rétta fylgni milli punktálagsgildis og einásabrotþols ætti því allajafnan að gera hvort tveggja prófanir til samanburðar. Þá ber að hafa í huga að stefna álags þessara prófana mismunandi þegar prófaðir eru borkjarnar. Í punktálagsprófunum er álag lagt hornrétt á borkjarna en samsíða í einásabrotprófi. Það skekkir allan samanburð ef styrkur bergs er ekki jafn óháð álagsstefnu, svo sem ef berg er lagskipt eða straumflögótt.

Niðurstöður punktálagsprófana frá þeim stöðum sem skoðaðir voru eru sýndar í töflu 4. Sem fyrr hefur þétt og kristallað berg hæstan styrkinn en setberg minnstan.


Tafla 4 : Punktálagsgildi fyrir íslenskt berg (660 mælingar)

Berggerð	Punktálagsgildi			Fjöldi mælinga
	meðaltal	max	min	
Andesít	11,6			2
Basalt	9,2	21,0	0,8	461
- Þóleiít basalt	9,7	20,0	2,4	130
- Dílabasalt	8,3	16,0	0,8	135
- Ólivín basalt	9,4	21,0	2,3	154
Kargi	5,0	18,9	0,5	126
Setberg	2,1	5,3	0,8	69
Móberg	3,9	6,0	1,7	2

Ef borið er saman punktálagsgildið við Schmidt hörku fást niðurstöður sem sýndar eru á myndum 6 og 7.



Mynd 6. Fylgni milli punktálagsgildis og Schmidt hörku fyrir storkuberg og setberg (660 mælingar).



Mynd 7. Fylgni milli punktálagsgildis og Schmidt hörku fyrir basalt frá mismunandi landshlutum (567 mælingar).

Mynd 7 gefur til kynna að fylgni milli hörku og styrks sé að einhverju leyti háð ummyndun bergsins, því berg á leið Héðinsfjarðarganga og Fáskrúðsfjarðarganga er meira ummyndað en berg fyrir vestan og á virkjunarsvæði Urriðafossvirkjunar. Vegna ummyndunar hefur bergið misst hörku en heldur styrk.

Einásabrotstyrkur


Einásabrotþolsstyrkur bergs er aðeins mældur á rannsóknarstofu og sýni, sem eru ætluð í einásabrotþolsstyrksprófanir, þarf að saga í fasta stærð og slípa enda þannig að álag dreifist jafnt á sýnið. Prófun krefst því nokkurs undirbúnings og því eru þessar prófanir sjaldnar gerðar en punktálagssprófanir vegna umstangs og kostnaðar. Hins vegar er prófið betri mælikvarði á eiginlegan styrk bergsins en punktálagssprófun.

Í töflu 5 eru sýndar niðurstöður frá rúmlega 450 prófunum á einásabrotþolsprófana fyrir berg hér á landi. Eins og fyrir punktálagsgildið er dreifing styrktalna fyrir einstakar berggerðir mikil og munur á hæsta og lægsta gildi oftast mun meiri en meðaltalsgildið.


Tafla 5 : Einásabrotþol íslensks berg (454 mælingar).

Berggerð	Einásabrotstyrkur (MPa)			Fjöldi mælinga
	meðaltal	max	min	
Basalt				
- Þóleiít basalt	208	441	32	59
- Dílabasalt	134	305	12	84
- Ólivín basalt	143	303	15	105
Kargi	22	88	5	54
Andesít	238	305	148	8
Líparít	45	136	7	13
Setberg				
- Sandsteinn	37	117	6	51
- Völuberg	39	112	6	44
- Siltsteinn	18	85	1,6	22
Móberg	31	64	5,4	14

Eins og að framan er getið er styrkur háður rúmþyngd, þ.e. samsetningu steinda og holrýmis, og ummyndun hefur áhrif á styrk bergsins. Á mynd 8 er sýnd fylgni milli einásabrotstyrks og rúmþyngdar. Fylgni er sæmleg fyrir storkuberg en fyrir setberg mælist engin fylgni svo mark sé á takandi. Af því er dregin sú ályktun að samsetning setbergs og samlíming setbrota hefur meiri áhrif á styrk efnisins en holrýmið.



Mynd 8. Fylgni einásabrotstyrks og rúmþyngdar (440 mælingar).

Lítill samfylgni setbergs kemur einnig fram í í samanburði á hörku og einásabrotstyrk fyrir berg úr borholum sem boraðar voru í Fljótsdal, samanber mynd 9. Fylgni er sæmileg milli hörku og styrks basalts en lítil fyrir setberg á sama svæði.




Mynd 9. Fylgni milli einásabrotstyrks og Schmidt hörku (73 mælingar frá Fljótsdal)

Sem fyrr segir hafa punktalagsprófanir verið mikið notaðar hér á landi til að meta einásabrotstyrk bergs og til samanburðar á berggæðum til jarðgangagerðar milli mismunandi staða. Til að finna fylgni þar í milli og hvort fylgni væri í samræmi það sem lagt er til í ASTM staðli (22xPLI) eða nær því sem norskar rannsóknir hafa sýnt, var gerð sérstök athugun á þessu í rannsókn sem styrkt var af vegagerðinni og Landsvirkjun [Matthías Loftsson o.fl. 2009]. Niðurstöður þeirrar athugunar eru sýndar á myndum 10 og 11. Fyrir rannsókn á veggangasvæðum var þess sérstaklega gætt að sýni valin til einásabrotmælinga væru einsleit þeim sem punktalagsprófanir voru gerðar á.



Mynd 10. Fylgni milli einásabrotstyrks og punktálagsgildis fyrir sýni af veggangasvæðum.



Mynd 11. Fylgni milli einásabrotstyrks og punktálagsgildis fyrir sýni af vegganga og virkjanasvæðum (248 mælingar).


Í ljósi þessara niðurstaðna var lagt til að eftirfarandi jafna væri notuð þegar punktálagsgildi eru notar til að áætla einásabrotþol fyrir berg hér á landi :

$$\text{UCS} = 11 \times \text{PLI}^{1,2}$$

eða miðað við eftirfarandi tröppufall, ef menn kjósa það frekar

PLI = 1 – 2	= 12 x
PLI = 2 – 4	= 14 x (sama og „norska bókin“)
PLI = 4 – 6	= 16 x (sama og „norska bókin“)
PLI = 6 – 10	= 18 x (18 í stað 20 í „norsku bókinni“)
PLI > 10	= 18 x (18 í stað 25 í „norsku bókinni“)


Nú hefur verið bætt við fleiri prófunum, sem litlu hefur breytt um hvað ályktað var um fylgni þarna í milli, sjá mynd 12. Ofangreint tröppufall er teiknað inn á myndina til samanburðar við nálgunarferil.




Mynd 12. Fylgni einásabrotstyrks og punktálagsgildis (292 mælingar)

Aðeins voru borin saman gildi þar sem hlutfall UCS/PLI var milli 6 og 30, eins og í fyrri samanburði, en athuganir hafa sýnt að óeðlilega hátt hlutfall fæst ef berg brotnar um straumflögun eða lagskiptingu í punktálagsgildi.


Ef aðeins er skoðuð fylgni punktálagsgildis og einásabrotstyrks fyrir storkuberg (andesít, líparít, basalt, kargi, bólstraberg, breksía og móberg, 215 mælingar), basalt eingöngu (142 mælingar) og setberg (66 mælingar), fást niðurstöður eins og sýndar eru á myndum 13 til 15.



Mynd 13. Fylgni milli einásabrotstyrks og punktálagsgildis fyrir storkuberg (215 mælingar).



Mynd 14. Fylgni milli einásabrotstyrks og punktálagsgildis fyrir basalt eingöngu (142 mælingar).



Mynd 15. Fylgni milli einásabrotstyrks og punktálagsgildis fyrir setberg (66 mælingar).

Fjaðurstuðull og Poissons hlutfall

Fjaðurstuðull bergs er mæligildi á formbreytingu bergssýnis við álag. Hér er oftast miðað við formbreytingar í kringum 50% af brotálagi og er fjaðurstuðull þá hallatala spennu-streitu ferils við það álag. Poissons hlutfall er formbreytingarhlutfall eða lárétt streita á móti lóðréttri streitu. Formbreyting sýnis hefur verið mældur með tveimur aðferðum, annars vegar með streitunemum, sem límdur er á bergsýnið, og hins vegar reiknaður út frá hallatölu frá ferlinum sem teiknast við einásabrotþolsstyrksprófun. Til að mæla Poissons hlutfall verður að líma streitunema á sýnið.

Í töflum 5 og 6 eru sýndar niðurstöður frá fjaðurstuðuls og Poissons hlutfalls prófunum fyrir berg hér á landi. Dreifing talna fyrir einstakar berggerðir mikil og munur á hæsta og lægsta gildi oftast meiri en meðaltalsgildið.

Tafla 5 : Fjaðurstuðull íslensks berg (200 mælingar).


Berggerð	Fjaðurstuðull (GPa)			Fjöldi mælinga
	meðaltal	max	min	
Basalt				
- Þóleið basalt	42	69	14	17
- Dílabasalt	26	56	10	28
- Ólivín basalt	27	65	5	52
Kargi	7	34	1	46
Setberg				
- Völuberg	21	41	5	11
- Sandsteinn	12	45	2	16
- Siltsteinn	2	4	0,9	16
Móberg	13	39	1,1	14

Þekkt er að fjaðurstuðull mælist oftast hærrí þegar streitunemar eru notaðir, límdir á mitt sýnið og mæla aðeins 10% af lengd sýnisins, en þegar mælt er yfir allt sýnið. Munur getur verið meiri en 50%.


Tafla 6 : Poissons hlutfall íslensks berg (111 mælingar).

Berggerð	Poissons hlutfall			Fjöldi mælinga
	meðaltal	max	min	
Basalt				
- Þóleiít basalt	0,27	0,54	0,09	13
- Dílabasalt	0,22	0,58	0,10	29
- Ólivín basalt	0,17	0,32	0,09	20
Kargi	0,18	0,23	0,13	12
Setberg				
- Völuberg	0,32	0,66	0,12	13
- Sandsteinn	0,30	0,59	0,16	12
- Siltsteinn				
Móberg	0,23	0,31	0,14	12

Á myndum 16 og 17 er sýnd fylgni milli einásabrotstyrks og fjaðurstuðuls. Dreifing gilda er mikil. Fylgni er að því er virðist háð berggerð og uppruna og samsetningu hvernar berggerðar.



Mynd 16. Fylgni milli einásabrotstyrks og fjaðurstuðuls (223 mælingar)



Mynd 17. Fylgni milli einásabrotstyrks og fjaðurstuðuls


Togstyrkur

Togstyrkur er í flestum tilfellum mældur í kleyfniprófi eða í „splitting tensile“ prófun eða „brazilian test“. Prófunin mælir því togstyrk þvert á álag í einásabrotprófi. Í töflu 7 eru niðurstöður frá tæplega 140 prófunum fyrir berg hér á landi. Sem fyrr er dreifing talna fyrir einstakar berggerðir mikil.

Tafla 7 : Kleyfnitogstyrkur íslensks berg (139 mælingar).

Berggerð	Kleyfnitogstyrkur (MPa)			Fjöldi mælinga
	meðaltal	max	min	
Basalt				
- Þóleiít basalt	15,8	22,9	9,3	11
- Dílabasalt	12,8	20,0	4,0	16
- Ólivín basalt	11,5	20,8	3,7	33
Kargi	2,3	4,4	1,0	5
Andesít	20,0			1
Líparít	2,3	4,4	1,0	9
Setberg				
- Sandsteinn	3,6	6,8	1,0	25
- Völuberg	3,4	7,1	0,6	17
- Siltsteinn	1,1	5,0	0,2	22

Á mynd 18 er sýnd fylgni milli einásabrotstyrks og kleyfnitogstyrks. Togstyrkur er að jafnaði 1/10 til 1/15 af brotstyrk í einásabrotþoli og virðist vera hlutfallslega minni með auknum styrk.



Mynd 18. Fylgni milli togstyrks í kleyfniprófi og einásabrotstyrks (148 mælingar)

Samantekt og niðurstöður

Teknar hafa verið saman í eina skýrslu niðurstöður meira en 6200 prófana á bergsýnum frá virkjana-, vegganga- og öðrum mannvirkjasvæðum, víðsvegar af landinu, þar sem boraðar voru kjarnaholur og tekin sýni til prófana á bergi.

Niðurstöður voru flokkaðar og settar í töflur, sem finna má í viðauka með þessari skýrslu. Berg er flokkað eftir landshlutum og uppruna, þ.e. storkuberg, setberg, gjóskuberg og breksía/kargi, til þess að bera saman mismunandi eiginleika þessara berggerða. Þá eru niðurstöður mismunandi prófana bornar saman og skoðuð fylgni þar í milli.

Greinileg fylgni er milli berggerðar og tæknilegra eiginleika bergsins, en fylgni er misgóð. Best er fylgni efnisgerðar og eiginleika storkubergs en síðri í setbergi. Þetta sést einna best ef borin er saman rúmþyngd, harka og styrkur storkubergs annars vegar og setbergs hins vegar.

Samanburður á hörku og punktálagsstyrk gefur til kynna að ummyndun storkubergs rýrir hörku en hafi minni áhrif á styrk bergsins. Bergið verði deigara.

Samanburður á punktálagsgildum og einásabrotstyrk sýnir að fylgni er háð styrk bergsins og þegar nota á punktálaggildi til að áætla einásabrotstyrk beri að nota lægri fylgnistuðul fyrir veikara berg. Hægt er að nota eftirfarandi jöfnu fyrir berg hér á landi :

$$UCS = 11 \times PLI^{1,2} \quad (12 \times PLI^{1,15})$$

eða miðað við eftirfarandi tröppufall, ef menn kjósa það frekar

$$PLI = 1 - 2 : UCS = 12 \times PLI$$

$$PLI = 2 - 4 : UCS = 14 \times PLI \quad (\text{sama og „norska bókin“})$$

$$PLI = 4 - 6 : UCS = 16 \times PLI \quad (\text{sama og „norska bókin“})$$

$$PLI = 6 - 10 : UCS = 18 \times PLI \quad (18 \text{ í stað } 20 \text{ í „norsku bókinni“})$$

$$PLI > 10 : UCS = 18 \times PLI \quad (18 \text{ í stað } 25 \text{ í „norsku bókinni“})$$

Skekkjumörk geta þó verið meira en 50% og best að gera ætíð fáeinir einásabrotprófanir til samanburðar við punktálagsgildin

Fylgni er milli fjaðurstuðuls og brotþols er takmörkuð við hverja berggerð og dreifing gilda mikil. Prófunaraðferð hefur einnig veruleg áhrif, þ.e. hvort notaður er streitunemi, sem mælir formbreytingar aðeins í miðju sýninu, eða hallaferill álags og formbreytingar mælt yfir allt sýnið.

Togstyrkur er að jafnaði 1/10 til 1/15 af brotstyrk í einásabrotþoli og virðist vera hlutfallslega minni með auknum styrk.

Heimildaskrá

1. Stefán Arnórsson. Inngangur að bergfræði storkubergs. Náttúrufræðingurinn 62 árgangur, 3-4 hefti, 1993.
2. Matthías Loftsson, Ágúst Guðmundsson og Benedikt Óskar Steingrímsson. Samanburður á einásabrotstyrk og punktálgagsstyrk borkjarna frá vegganga- og virkjunarsvæðum. September 2009.
3. ISRM. Rock Characterization Testing and Monitoring. ISRM Suggested Methods. Pergamon Press 1986
4. John Rusnak og Christopher Mark: Using the point load test to determine the uniaxial compressive strength of coal measure rock.
5. ASTM D 5731 Standard Test Method for Determination of the Point Load Strength of Rock and Application to Rock Strength Classification
6. Norwegian Group for Rock Mechanics *Engineering Geology and Rock Engineering*, Handbook no.2, 2000.

Höfuðborgarsvæðið og suðvesturland, gagnaskrá

1. Baron- and Listaháskóli site. Reykjavík ground investigation. Geotechnical report. Mannvit May 2009.
2. East harbour project. Geological/geotechnical investigation. Phase-II, preliminary investigation. Factual report. Hönnun May 2006.
3. Norðurál-Helguvík 2008. Phase I. Mannvit/HRV.
4. Sundagöng. Jarðfræði og berggæði á jarðgangaleið Sundabrautar. ÍSOR og VGK-Hönnun-2007/052.

Vestfirðir, gagnaská

1. Samanburður á einásabrotstyrk og punktálgagsstyrk borkjarna frá vegganga- og virkjunarsvæðum. Mannvit, september 2009.
2. Arnarfjörður - Dýrafjörður, aðstæður til gangagerðar milli Rauðsstaða og Dranga. Viðauki A. Jarðfræðistofan febrúar 2008.
3. Óshlíðargöng, aðstæður til jarðgangagerðar milli Hnífsdals og Bolungavíkur. Viðauki A. Jarðfræðistofan, október 2007.

Norðurland, gagnaskrá

1. Siglufjörður - Ólafsfjörður. Yfirlit yfir jarðfræði og aðstæður til jarðgangagerðar. Jarðfræðistofan Maí 2001.
2. Vaðlaheiði Tunneling Project. Jarðfræðistofan, nóvember 2005.
3. RB H02/36. 21.03.2002. Rannsókn unnin fyrir Ágúst Guðmundsson.
4. Kárahnjúkar Hydroelectric Project. Contract documents KAR-14. Headrace Tunnel. Volume 5. Appendices to part III General information. A-E Geology. F concrete aggregate. KEJV Kárahnjúkar joint venture engineering joint venture. Apríl 2002.

Austurland, gagnaskrá:

1. Geological report, Fljótsdalur hydroelectric project. December 1990. FDV/90-2.
2. Fljótsdalur hydroelectric project, geological report. March 2000. JFS-5-2000.
3. Fljótsdalur hydroelectric project, December 1990. FDV/90-2.
4. Fljótsdalur hydroelectric project, December 1990. FDV/90-2. (Karahnj_HEP_PLT_and_Laboratory_testing.xls)

5. Kárahnjúkar Hydroelectric Project. Contract documents KAR-14. Headrace Tunnel. Volume 5. Appendices to part III General information. A-E Geology. F concrete aggregate. KEJV Kárahnjúkar joint venture engineering joint venture. Apríl 2002.
6. Fljótsdalur hydroelectric project, engineering geological report. Orkustofnun January 1991. OS-91001/VOD-01.
7. Niðurstöður brotpólspófana á kjarna úr borholum á Blöndusvæði og Fljótsdalssvæði. Edda Lilja Sveinsdóttir, desember 1983.
8. Samanburður á einásabrotstyrk og punktálagsstyrk borkjarna frá vegganga- og virkjunarsvæðum. Mannvit, september 2009.
9. Fáskrúðsfjörður Road tunnel. Geological report. Jarðfræðistofan. Júní 2001.
10. Fjarðará smelter project. Laboratory testing HC-4 – C900 Data report (Factual). Hönnun. Apríl 2004.
11. RB H02/36. 21.03.2002. Rannsókn unnin fyrir Ágúst Guðmundsson.
12. Veggöng undir Almannaskarð. Jarðfræðiskýrsla. Jarðfræðistofan. Júní 2003.
13. Rock Mass Characterisation and Reinforcement Strategies for Tunnels in Iceland – Fáskrúðsfjörður Tunnel. Master's Thesis DTU. Gunnar Arnar Gunnarsson. October 2008.

Suðurland, gagnaskrá

1. Tunneling in acidic, altered and sedimentary rock in Iceland. Búðarhálsvirkjun. July 2009. Hallgrímur Örn Arngrimsson og Þorri Gunnarsson, MSC ritgerð DTU, HÍ 2009
2. Hvammsvirkjun, geological report, Landsvirkjun July 2007. LV-2007/053.
3. Rock mechanical studies for a hydroelectric power station (Enclosures). Karen Kristjana Ernstsóttir, febrúar 2003.
4. Rock mechanical studies for a hydroelectric power station. Karen Kristjana Ernstsóttir, febrúar 2003.
5. Núpur Hydroelectric project, geological report, Landsvirkjun December 2005. LV-2005/080.
6. Núpur Hydroelectric project, Hvammsvirkjun powerhpuse area, Landsvirkjun December 2005. LV-2005/082.
7. Hvammsvirkjun, Geological report, geological investigation 2007 and 2008. Landsvirkjun desember 2008. LV-2008/194.
8. Holtavirkjun, Geological report, Landsvirkjun December 2007. LV-2007/054.
9. Holtavirkjun, Geological report, geological investigation 2008. Landsvirkjun desember 2008. LV-2008/195.
10. Urriðafoss Hydroelectric project, geological investigations 2001. Landsvirkjun nóvember 2002. LV-2002/086.
11. Urriðafoss Hydroelectric project, geological investigations 2001 - 2007 (appendices). Landsvirkjun maí 2007. LV-2007/060.

VIÐAUKI I BORHOLUSKRÁR

Höfuðborgarsvæðið og nágrenni:

Borhola	Mannvirki	Hnit			Hnitakerfi
		X	Y	Z	
BO-04	Fyrirhuguð verslunarmiðstöð við Barónsstíg	357895,1	407970,5	12,38	Ísnet 93
BO-05	Fyrirhuguð verslunarmiðstöð við Barónsstíg	357959,0	408020,8	5,93	Ísnet 93
BO-06	Fyrirhuguð verslunarmiðstöð við Barónsstíg	357916,6	408050,8	5,55	Ísnet 93
C01	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22241,8	18408,8	4,28	Reykjavíkurkerfi
C02	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22256,9	18468,7	3,30	Reykjavíkurkerfi
C03	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22252,2	18553,1	3,29	Reykjavíkurkerfi
C04	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22328,9	18371,6	4,13	Reykjavíkurkerfi
C05	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22343,1	18419,7	3,42	Reykjavíkurkerfi
C06	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22381,2	18478,9	2,96	Reykjavíkurkerfi
C07	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22439,6	18417,1	3,24	Reykjavíkurkerfi
C08	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22354,1	18275,2	4,60	Reykjavíkurkerfi
C09	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22427,1	18342,1	3,35	Reykjavíkurkerfi
C11	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22431,3	18210,2	3,69	Reykjavíkurkerfi
C12	Tónlistarhús við Austurhöfn	-22499,4	18246,2	3,83	Reykjavíkurkerfi
HCR-07	Álverið í Helguvík	324949,1	396965,0	27,31	Ísnet 93
HCR-08	Álverið í Helguvík	325057,7	397005,2	26,98	Ísnet 93
LH-01	Fyrirhugaður listaháskóli við Frakkastíg	357646,2	407995,4	19,90	Ísnet 93
LH-02	Fyrirhugaður listaháskóli við Frakkastíg	357662,3	408029,7	16,09	Ísnet 93
LH-03	Fyrirhugaður listaháskóli við Frakkastíg	357652,7	408078,2	14,72	Ísnet 93
SG-01	Sundagöng, við Laugarneskirkju	359795,0	408647,0	11,00	Ísnet 93
SG-02	Sundagöng, við Sæbraut	360130,0	408538,0	20,00	Ísnet 93
SG-03	Sundagöng, við Laugarásbíó	360478,0	408290,0	24,00	Ísnet 93
SG-05	Sundagöng, vestan við Klepp	361193,0	407910,0	5,50	Ísnet 93
SG-06	Sundagöng, Sundahöfn	361663,0	407929,0	2,00	Ísnet 93
SG-07	Sundagöng, við Miklagarð	361253,0	407519,0	17,50	Ísnet 93
SG-08	Sundagöng, Gufunes	362816,0	408288,0	2,00	Ísnet 93
SG-09	Sundagöng, við Áburðarverksmiðju	363166,0	408450,0	5,00	Ísnet 93
SG-12	Sundagöng, við gamla Þróttaravöllinn	361247,0	407271,0	19,00	Ísnet 93

Vesturland:

Borhola	Mannvirki	Hnit			Hnitakerfi / athugasemd
		X	Y	Z	
HG-05	Hvalfjarðargöng, st 5450	-	-	-	Borað inn í göngum
HG-08	Hvalfjarðargöng, st 5095	-	-	-	Borað inn í göngum
NS-01	Grundartangi, súrálssíló	892788	292997	2,84	Local system
NS-02	Grundartangi, súrálssíló	904041	328272	2,57	Local system
NS-03	Grundartangi, súrálssíló	865257	313887	2,72	Local system

Vestfirðir:

Borhola	Mannvirki	Hnit			Hnitakerfi
		X	Y	Z	
ARN-01	Dýrafjarðargöng, Arnarfjörður	307272,1	594236,9	95,97	Ísnet 93
ARN-02	Dýrafjarðargöng, Arnarfjörður	307454,2	594278,9	80,81	Ísnet 93
DYR-01	Dýrafjarðargöng, Dýrafjörður	306865,0	599282,5	126,93	Ísnet 93
OK-01	Bolungarvíkurgöng, Óshyrna	311363,2	634107,8	17,70	Ísnet 93
OK-04	Bolungarvíkurgöng, Arafjall	313003,6	632633,0	19,40	Ísnet 93
OK-07	Bolungarvíkurgöng, Syðridalur	309162,8	632416,8	58,00	Ísnet 93
OK-11	Bolungarvíkurgöng, Hnífsdalur	311915,9	629583,0	64,28	Ísnet 93
OK-13	Bolungarvíkurgöng, Hnífsdalur	311819,0	629490,0	54,00	Ísnet 93
OK-14	Bolungarvíkurgöng, Hnífsdalur	313785,3	630888,8	48,16	Ísnet 93

Norðurland:

Borhola	Mannvirki	Hnit			Hnitakerfi
		X	Y	Z	
BV-12	Blönduvirkjun	-	-	-	-
BV-32	Blönduvirkjun	-	-	-	-
HG-01	Héðinsfjarðargöng, Héðinsfjörður	508608	622466	192,47	Ísnet 93
HG-02	Héðinsfjarðargöng, Héðinsfjörður	507695	622950	163,47	Ísnet 93
HG-03	Héðinsfjarðargöng, Héðinsfjörður	507924	623325	117,39	Ísnet 93
HG-04	Héðinsfjarðargöng, Héðinsfjörður	508241	622183	118,25	Ísnet 93
HG-05	Héðinsfjarðargöng, Héðinsfjörður	508836	623008	150,77	Ísnet 93
ÓG-01	Héðinsfjarðargöng, Ólafsfjörður	514647	619673	42,27	Ísnet 93
ÓG-02	Héðinsfjarðargöng, Ólafsfjörður	514142	619860	123,38	Ísnet 93
ÓG-03	Héðinsfjarðargöng, Ólafsfjörður	514816	620186	39,63	Ísnet 93
SG-01	Héðinsfjarðargöng, Siglufjörður	505070	625870	131,38	Ísnet 93
VK-01	Vaðlaheiðargöng	549545	581435	174,00	Ísnet 93
VK-02	Vaðlaheiðargöng	549221	581198	280,00	Ísnet 93

Austurland:

Borhola	Mannvirki	Hnit			Hnitakerfi / athugasemd
		X	Y	Z	
5540	Fáskrúðsfjarðargöng, stöð í göngum	-	-	-	Borað í göngum
AS-01	Veggöng undir Mannaskarð	691904,8	426287,9	155,33	Ísnet 93
AS-02	Veggöng undir Mannaskarð	692177,7	427002,7	101,04	Ísnet 93
DH-01	Álverið í Reyðafirði	730010,0	512010,0	2,14	Ísnet 93
DH-02	Álverið í Reyðafirði	730202,9	512236,5	12,29	Ísnet 93
DH-03	Álverið í Reyðafirði	730028,2	512237,3	15,84	Ísnet 93
DH-04	Álverið í Reyðafirði	730034,0	512302,0	17,65	Ísnet 93
DH-05	Álverið í Reyðafirði	730149,4	512381,9	19,97	Ísnet 93
DH-06	Álverið í Reyðafirði	730278,9	512437,6	17,78	Ísnet 93
DH-07	Álverið í Reyðafirði	730244,8	512544,7	22,15	Ísnet 93
DH-08	Álverið í Reyðafirði	730143,6	512526,4	24,98	Ísnet 93
DH-09	Álverið í Reyðafirði	730194,6	512616,5	26,05	Ísnet 93
DH-10	Álverið í Reyðafirði	730466,0	512676,5	26,23	Ísnet 93
DH-11	Álverið í Reyðafirði	730386,6	512706,9	28,23	Ísnet 93
DH-12	Álverið í Reyðafirði	730502,3	512727,5	28,17	Ísnet 93
DH-13	Álverið í Reyðafirði	730693,1	512703,2	14,49	Ísnet 93
DH-14	Álverið í Reyðafirði	730650,0	512780,0	20,23	Ísnet 93
DH-15	Álverið í Reyðafirði	730618,2	512836,7	21,93	Ísnet 93
DH-16	Álverið í Reyðafirði	730789,0	512863,2	13,54	Ísnet 93
DH-17	Álverið í Reyðafirði	730786,8	512932,4	17,52	Ísnet 93
DH-18	Álverið í Reyðafirði	730973,1	512984,7	18,50	Ísnet 93
DH-19	Álverið í Reyðafirði	731039,0	512996,9	18,17	Ísnet 93
DH-20	Álverið í Reyðafirði	731010,6	513069,1	20,11	Ísnet 93
DH-21	Álverið í Reyðafirði	730463,2	512560,5	17,02	Ísnet 93
DH-22	Álverið í Reyðafirði	730927,6	512835,6	11,86	Ísnet 93
DH-23	Álverið í Reyðafirði	731180,0	512870,2	6,78	Ísnet 93
DH-24	Álverið í Reyðafirði	730884,5	512912,0	16,83	Ísnet 93
DH-25	Álverið í Reyðafirði	730852,7	512968,5	18,61	Ísnet 93
EF-02	Norðfjarðargöng, Eskifjörður	732621,9	518524,3	60,62	Ísnet 93
FF-01	Fáskrúðsfjarðargöng, Fáskrúðsfjarðarmegin	727223,9	504790,4	246,59	Ísnet 93
FF-02	Fáskrúðsfjarðargöng, Fáskrúðsfjarðarmegin	727183,0	504433,9	141,64	Ísnet 93
FF-03	Fáskrúðsfjarðargöng, Fáskrúðsfjarðarmegin	727688,4	504432,7	128,32	Ísnet 93
FF-04	Fáskrúðsfjarðargöng, st.7870	-	-	-	Borað í göngum
FS-30	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-371800,0	498900,0	550,00	Gamla landskerfið
FS-31	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-365352,8	502832,4	611,21	Gamla landskerfið
FS-32	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-370028,6	498273,6	601,81	Gamla landskerfið
FS-33	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-371826,7	494728,7	597,69	Gamla landskerfið
FS-34	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-376423,2	490161,3	652,43	Gamla landskerfið
FS-35	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-377571,0	487313,6	670,96	Gamla landskerfið
FS-36	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalur	-379781,1	482413,1	650,00	Gamla landskerfið
FS-37	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-368046,5	500309,9	602,49	Gamla landskerfið
FS-38	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-362388,3	504036,6	640,71	Gamla landskerfið
FV-01	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	686755,9	506956,3	572,50	Ísnet 93
FV-05	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	686468,6	507101,8	607,30	Ísnet 93
FV-06	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	686948,1	506880,3	497,40	Ísnet 93
FV-07	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	687224,6	506340,7	99,20	Ísnet 93

Borhola	Mannvirki	Hnit			Hnitakerfi / athugasemd
		X	Y	Z	
FV-08	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	687119,3	506489,0	183,30	Ísnet 93
FV-09	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	687314,1	506445,7	106,20	Ísnet 93
FV-10	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	687436,5	506504,3	90,80	Ísnet 93
FV-40	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	686403,3	507133,7	605,22	Ísnet 93
FV-41	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	686394,0	507850,2	604,11	Ísnet 93
FV-46	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	687354,5	507400,6	511,50	Ísnet 93
FV-47	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-	-	-	-
FV-54	Kárahnjúkavirkjun, við Teigsbjarg	687058,5	507525,0	561,80	Ísnet 93
JB-02	Kárahnjúkavirkjun, við Kárahnjúka	-391047,5	492201,8	611,50	Gamla landskerfið
JB-03	Kárahnjúkavirkjun, við stíflusvæði	-393880,8	493816,0	606,40	Gamla landskerfið
JB-23	Kárahnjúkavirkjun, við stíflusvæði	-395259,6	495254,4	628,50	Gamla landskerfið
JB-37	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-388736,6	493414,0	669,49	Gamla landskerfið
JB-38	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-387220,4	493901,0	579,94	Gamla landskerfið
JB-40	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-378315,5	495417,9	717,40	Gamla landskerfið
JB-41	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-381375,1	494227,5	713,79	Gamla landskerfið
JB-42	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-383780,2	493882,6	713,22	Gamla landskerfið
JB-51	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-	-	-	-
JB-52B	Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsheiði	-	-	-	-
JB-54	Kárahnjúkavirkjun, við stíflusvæði	-	-	-	-
NF-01	Norðfjarðargöng, Fannardalur við Þverá	736243,3	523630,7	224,60	Ísnet 93
NF-07	Norðfjarðargöng, Fannardalur við Tröllagil	737583,8	523285,9	259,10	Ísnet 93
NF-08	Norðfjarðargöng, Fannardalur við Tröllagil	737910,2	523419,6	175,77	Ísnet 93
RF-01	Fáskrúðsfjarðargöng, Reyðarfjarðarmegin	726293,9	509435,5	204,41	Ísnet 93
RF-02	Fáskrúðsfjarðargöng, Reyðarfjarðarmegin	726554,5	509756,0	114,76	Ísnet 93
RF-03	Fáskrúðsfjarðargöng, Reyðarfjarðarmegin	726206,4	509866,5	87,20	Ísnet 93

Suðurland:

Borhola	Mannvirki	Hnit			Hnitakerfi
		X	Y	Z	
BH-09	Búðarhálsvirkjun	565186,8	414789,2	514,03	Ísnet 93
BH-10	Búðarhálsvirkjun	565287,9	414439,9	485,16	Ísnet 93
BH-11	Búðarhálsvirkjun	566434,0	415517,6	313,43	Ísnet 93
BH-12	Búðarhálsvirkjun	566305,6	415401,5	356,89	Ísnet 93
BH-14	Búðarhálsvirkjun	566077,1	415210,2	447,51	Ísnet 93
BH-15	Búðarhálsvirkjun	565518,0	414763,5	515,22	Ísnet 93
BH-16	Búðarhálsvirkjun	564200,9	414325,5	429,52	Ísnet 93
BH-17	Búðarhálsvirkjun	565819,1	415091,2	500,05	Ísnet 93
NK-03	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	437705,9	393129,2	82,60	Ísnet 93
NK-04	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	442289,8	393869,4	102,60	Ísnet 93
NK-05	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	442341,1	395039,7	102,30	Ísnet 93
NK-06	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	437629,3	393895,1	88,40	Ísnet 93
NK-07	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	439318,3	394698,3	114,10	Ísnet 93
NK-08	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	443835,1	394408,5	129,90	Ísnet 93
NK-09	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	439769,1	392143,4	86,20	Ísnet 93
NK-10	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444505,4	393839,3	108,20	Ísnet 93
NK-11	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	442653,4	392533,6	97,80	Ísnet 93
NK-12	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	441046,7	391605,8	81,70	Ísnet 93
NK-14	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	438138,0	391689,0	79,00	Ísnet 93
NK-15	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	441771,0	396729,0	99,00	Ísnet 93
NK-16	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	435903,0	394017,0	96,00	Ísnet 93
NK-17	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	443219,0	395695,0	123,00	Ísnet 93
NK-18	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	443152,9	393209,9	102,00	Ísnet 93
NK-19	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	443741,1	393237,9	109,00	Ísnet 93
NK-20	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444252,2	393138,2	105,00	Ísnet 93
NK-21	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444814,6	394196,9	112,00	Ísnet 93
NK-24	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	434808,3	393056,2	75,90	Ísnet 93
NK-25	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	442415,0	396595,0	138,00	Ísnet 93
NK-26	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444748,4	395422,6	142,30	Ísnet 93
NK-27	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	445050,8	394208,0	106,70	Ísnet 93
NK-28	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	445033,8	394094,3	105,80	Ísnet 93
NK-29	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444977,7	394029,7	105,50	Ísnet 93
NK-30	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444866,4	393948,0	106,40	Ísnet 93
NK-31	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	445011,0	394050,7	105,30	Ísnet 93
NK-32	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444526,5	393485,8	106,80	Ísnet 93
NK-33	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444138,1	393037,5	105,20	Ísnet 93
NK-34	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444788,5	393795,1	106,90	Ísnet 93
NK-41	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	433478,6	391057,5	79,21	Ísnet 93
NK-42	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	433596,6	391071,8	79,77	Ísnet 93
NK-48	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444508,6	394517,9	106,10	Ísnet 93
NK-65	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	444984,2	394035,4	105,06	Ísnet 93
NK-73	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	445050,5	393939,4	106,93	Ísnet 93
NK-74	Hvammsvirkjun í Neðri Þjórsá	445174,3	393973,6	124,67	Ísnet 93
NK-80	Holtavirkjun í Neðri Þjórsá	438003,9	390484,8	72,65	Ísnet 93
UF-01	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419849,4	382099,8	54,49	Ísnet 93
UF-02	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419014,0	381212,0	73,48	Ísnet 93

Borhola	Mannvirki	Hnit			Hnitakerfi
		X	Y	Z	
UF-03	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419883,1	382443,4	46,86	Ísnet 93
UF-04	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419948,9	382323,0	43,02	Ísnet 93
UF-05	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419889,5	382353,4	43,17	Ísnet 93
UF-06	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	421229,9	383271,9	49,47	Ísnet 93
UF-07	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	417577,9	380175,5	45,24	Ísnet 93
UF-08B	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419796,5	381986,8	54,90	Ísnet 93
UF-09	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419795,6	381993,6	55,00	Ísnet 93
UF-10	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419766,7	381947,7	57,40	Ísnet 93
UF-11	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419725,8	381972,0	58,30	Ísnet 93
UF-12	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419776,7	382062,4	56,40	Ísnet 93
UF-13	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419701,5	382070,1	53,00	Ísnet 93
UF-14	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419781,5	381970,3	55,60	Ísnet 93
UF-15	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419808,6	381779,9	66,10	Ísnet 93
UF-16	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419630,7	381739,6	68,83	Ísnet 93
UF-17	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419932,7	382312,7	41,90	Ísnet 93
UF-18	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418604,0	380817,0	53,64	Ísnet 93
UF-19	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	420011,5	382311,7	43,00	Ísnet 93
UF-20	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	419878,0	382314,0	40,50	Ísnet 93
UF-21	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418604,0	380817,0	53,64	Ísnet 93
UF-22	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418466,3	380789,8	49,13	Ísnet 93
UF-23	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418450,1	380842,7	50,34	Ísnet 93
UF-24	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418344,3	380824,8	45,50	Ísnet 93
UF-25	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418343,5	380736,2	48,20	Ísnet 93
UF-26	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418512,2	380916,0	53,70	Ísnet 93
UF-30	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418822,0	381317,3	66,30	Ísnet 93
UF-31	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418144,8	380561,0	50,91	Ísnet 93
UF-32	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418871,0	381343,6	66,86	Ísnet 93
UF-33	Urriðafossvirkjun í Neðri Þjórsá	418981,1	381400,3	69,40	Ísnet 93

VIÐAUKI II : GAGNASKRÁR

Höfuðborgarsvæðið og nágrenni :

Borhola	Dýpi	Bergtegund	Berggerð	Vot rúmþyngd (kg/m ³)	Purr rúmþyngd (kg/m ³)	Holrýmnd (Porosity) (%)	Schmidt harka	Punktálagsstyrkur (MPa)	Einásabrotþolsstyrkur (MPa)	Raki við UCS (%)	Poissons hlutfall (%)	Fjaðurstuðull (MPa)	Togstyrkur (STS) (MPa)	Slake durability (%)	Sýndar eðlisþyngd	Athugasemdir	Heimildir
BO-04	10,5	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2817	2723	9,3		6,5	97,9			13500			3,00		1
BO-04	10,7	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2814	2717	9,8		6,5	95,4			12940			3,01		1
BO-04	11	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti					6,4	96,7				5,64				1
BO-05	11,4	Basalt	Bólstraberg					9,3	59,4				8,97				1
BO-05	12,2	Basalt	Bólstraberg	2849	2793	5,6			59,4			12190			2,96		1
BO-05	14	Basalt	Breksía	2344	2095	24,8		2,1	22,2			10380			2,79		1
BO-06	2	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2741	2609	13,2		2,7	37,2			7720			3,01		1
BO-06	10,9	Basalt	Breksía	2250	1980	27,1		1,5	17,1			8690			2,72		1
BO-06	11,1	Basalt	Breksía	2242	1937	30,4		1,5	22,3			9250			2,78		1
BO-06	14,4	Basalt	Breksía	2198	1886	31,2		1,2	12,3			6880			2,74		1
BO-06	15,5	Basalt	Breksía					1,2	12,3				1,62				1
C1	14,5	Basalt	Bólstraberg	2800	2740	6,1									2,92		2
C1	21,7	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2380	2100	26,8		2,58							2,87		2
C1	23,1	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2330	2080	24,8			37,7						2,77		2
C1	23,3	Basalt	Bólstrabergsbreksía										3,41				2
C11	6,2	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2270	2080	18,5									2,55		2
C11	7	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2370	2260	11,6									2,56		2
C11	15,8	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2700	2640	5,9									2,81		2
C11	19,5	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2360	2120	24							0,86		2,79		2
C12	9,7	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2560	2510	5,9									2,67		2
C12	14,2	Basalt	Túffbreksía	2280	2080	20,5		0,52							2,62		2
C12	14,7	Basalt	Túffbreksía										0,65				2
C12	15,2	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2670	2630	3,9									2,74		2
C12	19,2	Basalt	Túffbreksía	2290	2010	27,7		1,51							2,78		2
C12	19,7	Basalt	Túffbreksía	2250					14,1				1,25				2
C12	23	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2270	1990	28,8		1,12							2,79		2
C12	23	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2490					14,3								2
C12	23,6	Basalt	Bólstrabergsbreksía										1,34				2
C13	17,8	Basalt	Túffbreksía	2160					12,2				1,32				2
C13	18,1	Basalt	Túffbreksía	2140	1910	23,2									2,49		2
C13	27	Basalt	Bólstraberg	2820	2750	6,5									2,94		2
C13	27	Basalt	Bólstraberg	2880					63,2				12				2
C2	16,1	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2310	2010	29,4			10,9						2,85		2
C2	17	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2390	2150	23,9		0,96							2,83		2
C2	23	Basalt	Bólstraberg	2830	2730	9,9									3,03		2
C2	23	Basalt	Bólstraberg	2830					44,1				10,3				2
C2	24,7	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2460	2260	19,5		2,83							2,81		2
C2	25,1	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2420	2180	23,6			20,8						2,85		2
C2	25,4	Basalt	Bólstrabergsbreksía										2,77				2
C3	18,3	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2560	2360	19,4									2,93		2

Borhola	Dýpi	Bergtegund	Berggerð	Vot rúmþyngd (kg/m³)	Purr rúmþyngd (kg/m³)	Holrýmnd (Porosity) (%)	Schmidt harka	Punktálagsstyrkur (MPa)	Einásabrotþolsstyrkur (MPa)	Raki við UCS (%)	Poissons hlutfall (%)	Fjaðurstuðull (MPa)	Togstyrkur (STS) (MPa)	Slake durability (%)	Sýndar eðlisþyngd	Athugasemdir	Heimildir
C3	20,8	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2230	1950	28,2									2,72		2
C3	21	Basalt	Bólstraberg	2790	2740	4,4									2,87		2
C3	22,3	Basalt	Bólstraberg	2880	2850	3,3									2,95		2
C3	27,5	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2400	2170	22									2,78		2
C4	7	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2680	2600	8,7		45,9				4,18			2,85		2
C4	7,7	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2130	1910	22,1									2,45		2
C4	7,8	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2300	2180	12,4									2,49		2
C4	9,9	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2240	1950	28,5									2,73		2
C4	10,4	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2460	2330	13,9									2,71		2
C4	11,5	Basalt	Túffbreksía	2230	1930	30,1		10,4							2,76		2
C4	11,8	Basalt	Túffbreksía	2220	1990	22,9		1,11							2,58		2
C4	12,2	Basalt	Túffbreksía	2260	1950	31,1		6,9							2,83		2
C4	15,3	Basalt	Bólstraberg	2800	2770	3,4									2,87		2
C4	15,4	Basalt	Bólstraberg	2800	2760	3,7									2,87		2
C5	12,5	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2340	2100	24,4		13,6							2,78		2
C5	13,5	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2350	2140	21,1		0,78							2,71		2
C5	22,3	Basalt	Bólstraberg	2810	2770	3,2		81							2,86		2
C6	13,7	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2180	1920	26,6		1,37							2,62		2
C6	14,2	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2200	1950	24,8		5,9				1,28			2,59		2
C6	23,4	Basalt	Túffbreksía	2300	2040	26,6		11,7							2,78		2
C6	23,8	Basalt	Túffbreksía	2250	2020	22,7		1,18							2,61		2
C7	14,6	Basalt	Túffbreksía	2320				7,9									2
C7	15,1	Basalt	Túffbreksía	2290	2010	28,4		0,82							2,81		2
C7	16,2	Basalt	Túffbreksía	2420				15,3				1,44					2
C7	17,7	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2280	2020	25,6		1,05							2,72		2
C7	18,2	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2410				9,1				0,71					2
C7	19	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2380				7,7									2
C7	21,1	Basalt	Cube jointed basalt	2670	2630	4,7		122,3							2,76		2
C7	22	Basalt	Cube jointed basalt	2710	2660	4,7						9,13			2,79		2
C8	3,4	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2520	2470	5,1									2,60		2
C8	3,8	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2720	2680	4,7									2,81		2
C8	3,8	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2730				4,95	98								2
C8	4,6	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2720				52,7									2
C8	6	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti									6,95					2
C8	11,8	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2140	1870	26,9		7							2,56		2
C9	7,2	Basalt	Reykjavíkurgrágrýti	2760	2730	3,1		93,9							2,82		2
C9	10,3	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2280	2040	24,6									2,71		2
C9	10,6	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2340				6,6									2
C9	14,1	Basalt	Bólstrabergsbreksía	2310	2100	20,7									2,65		2
HCR-07	5,7	Basalt	Grágrýti	2630	2557	7,2		3,2	32,1	2,3		6840			2,76	1.150.217 Helgavík	3
HCR-07	5,8	Basalt	Grágrýti	2612	2542	7		3,2	23,1	2,2		5460			2,73	1.150.217 Helgavík	3

Borhola	Dýpi	Bergtegund	Berggerð	Vot rúmþyngd (kg/m³)	Purr rúmþyngd (kg/m³)	Holrýmnd (Porosity) (%)	Schmidt harka	Punktálagsstyrkur (MPa)	Einásabrotþolsstyrkur (MPa)	Raki við UCS (%)	Poissons hlutfall (%)	Fjaðurstuðull (MPa)	Togstyrkur (STS) (MPa)	Slake durability (%)	Sýndar eðlisþyngd	Athugasemdir	Heimildir
HCR-07	6	Basalt	Grágrýti	2598	2517	8,1		3,2	29	2,6		6570			2,74	1.150.217 Helgavík	3
HCR-08	1,7	Basalt	Grágrýti	2730	2669	6,1		2,3	31,4	1,6		6475			2,84	1.150.217 Helgavík	3
